

Ár 1982, föstudaginn 4. júní, var í málinu nr. 30/1981 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að deila hefur risið milli Vélstjórafélags Íslands og hreppsnefndar Laugardalshrepps um skyldu fyrrnefnds félags til að svara fasteignaskatti af sumarbústöðum, sem ýmist voru eða eru enn í eigu félagsins í Laugardal. Samkvæmt úrskurði Yfirfasteignamatsnefndar frá 10.11.1981 skyldu þessir bústaðir vera undanþegnir fasteignaskatti. Með bréfi, dags. 25. nóvember 1981, óskaði hreppsnefnd Laugardalshrepps endurskoðunar á nefndum úrskurði, þar sem það hefði gerst, að íbúðir vélstjóra væru sumar hverjar í almennri leigu fólks utan vélstjórafélagsins. Báðir aðilar hafa gert nánari grein fyrir sjónarmiðum sínum í málinu.

Í bréfi Vélstjórafélags Íslands, dags. 27. janúar 1982, segir meðal annars:

"Af þeim tólf orlofsíbúðum, sem eru í þeim tveim húsum sem um ræðir seldi félagið Sparisjóði vélstjóra fjórar, og eru þær nýttar af starfsfólki sparisjóðsins til sumardvalar. Hinar átta, sem félagið á eru leigðar félagsmönnum til orlofsdvalar allt árið. Á s.l. sumri voru húsin tekin í notkun og réði félagið þá umsjónarmann með húsunum, sem búsetu hafði á Laugarvatni. Á s.l. hausti var ljóst, að óhjákvæmilegt var að hafa einhvern á staðnum, sem annaðist eftirlit með húsunum yfir veturinn og einnig til að sjá um fyrirgreiðslu á staðnum við þá félagsmenn sem komu til dvalar. Varð því að ráði, að fela einum nemanda Íþróttakennaraskóla Íslands eftirlit með húsunum gegn því að hann fengi að búa í einu þeirra og er honum þó gert að greiða sem svarar kostnaði við ljós og hita íbúðarinnar. Síðar kom svo upp, að annar nemandi sama skóla leitaði eftir íbúð og var honum heimiluð afnot einnar íbúðar með sömu kjörum og hinum, enda félagsskapur um eftirlitið með húsunum."


Í bréfi hreppsnefndar Laugardalshrepps frá 11. mars 1982 segir meðal annars svo:


1. Hreppsnefndin telur að greiða eigi fasteignaskatt af íbúðum Sparisjóðs Vélstjóra, 4 talsins, enda eru þær íbúðir ekki 'orlofsheimili launþegasamtaka' sbr. 5. gr. gildandi laga.
2. Fjórar íbúðir Vélstjórafélagsins eru nú í almennri leigu til vetrardvala aðila utan Vélstjórafélagsins. Virðist ofrausn af Vélstjórafélaginu að halda þennan fjölda húsvarða til að gæta eigna félagsins, en öll önnur orlofsheimili í hreppnum spara sér slíka húsvörslu.
3. Hreppsnefndin gerir því kröfu til að fasteignaskattur verði lagður á þessar fjórar íbúðir Vélstjórafélagsins í réttu hlutfalli við þann tíma, sem íbúðirnar eru í þessari leigu."

Sankvæmt gögnum málsins er hér um að ræða tólf íbúðir í tveimur húsum. Upplýst er, að fjórar íbúðir hafa verið seldar Sparisjóði Vélstjóra og njóta þær því ekki lengur undanþágu frá fasteignaskatti. Hinar íbúðirnar átta eru undanþegnar fasteignaskatti, sbr. 5.gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga og úrskurð Yfirfasteignamatsnefndar frá 10.11. 1981. Ekki verður talið, að umrædd afnot nemenda af húsunum að vetri fari fram úr notkun, sem eðlileg eru vegna húsvörslu, sbr. 2.mgr. 5.gr. laga nr. 73/1980. Ekki liggur heldur nægilega ljóst fyrir, að svo verlulega kveði að annars konar notum en undanþáguákvæði 5.gr. miðar við, að varði brottfalli undanþágu.

Ú R S K U R Ð A R O Ð :

Ofangreindar átta orlofsíbúðir í eigu Vélstjórafélags Íslands njóta undanþágu frá fasteignaskatti.

  
Gaukur Jörundsson.

  
Pétur Stefánsson.

  
Guðmundur Magnússon.